

Ársæll Jónsson
læknir

Hjólað í vinnuna árið 1976

Dagblaðið *Visir* sendi fréttamann og ljósmyndara uppí Hraunbæ til að taka mynd af mér, Ársæli Jónssyni lækni, á leið til vinnu í ágúst 1976. Óvenjulegt var að menn hjóluðu til vinnu í þá daga. Nágrannarnir lýstu líka undrun sinni og spurðu Gyðu konu mína hvort það hefði virkilega verið hennar maður, sem þeir sáu hjólandi á reiðhjólí?

Ég var nýfluttur heim í Hraunbæinn með fjölskylduna eftir framhaldsnám og búsetu í Bretlandi. Var ráðinn í afleysingastöðu á lyflæknisdeild Landspítala en þar sem strætisvagnasamgöngur voru óþjálpar, varð úr að ég keypti notað Philips-hjól af góðum Kópavogsbúa.

Var óvanur hjólreiðum og valdi að hjóla fyrst í stað utan gatna – eftir hitaveitustokknum, sem lá frá Reykjum í Mosfellssveit gegnum Ártúnsholt, yfir Elliðaár, gegnum Smáibúðahverfi, yfir Leitín og til Öskjuhlíðar.

Styrkur í fótum og öryggiskennnd óx hröðum skrefum og fljótlega var svo hjólað með bílaumferðinni án vandkvæða. Reyndar var hraðinn helmingi hægari en bílaumferðin, sem passaði fyrir tvönn græn ljós, þegar bílarnir fóru á einu.

Í barnæskunni voru hjólreiðar ekki óalgengar en erfið færð, gæði reiðhjóla og góðar strætisvagnasamgöngur höfðu sitt að segja.

Á feril.is er nánar sagt frá sögu hjólreiða á Íslandi, meðal annars frá Guðmundi Björnssyni héraðslækni, síðar landlækni og þingmanni, sem hjólaði í sjúkraitjanir um allan bæ á fyrsta áratug 20 aldar. Þá notaði Ólafur Þorsteinsson læknir hjólið sitt í sjúkraitjanir um allan bæ fram til 1930. Bjarni Snæbjörnsson læknir valdi oftast hjól fram yfir bifreið til þess að sinna vitjunum í Hafnarfirði. Bílstjóri á Læknavaktarbílnum sagði frá því þegar Lára Halla Maack geðlæknir starfaði sem aðstoðarborgarlæknir um hríð. Hún var fljótari að komast á vettvang á hjóli frá Barónsstíg að svara kalli í Breiðholti en lögreglan á sínum bílum. Minnst má annars geðlæknis, sem hjólaði með rafstuðtæki á bögglaberanum og læknaði djúpt þunglyndi í heimahúsum. Þá gátu læknar hjólað hjálmlausir um borgina fyrir allra augum. Í dag þekkjast þeir síður á götunum vegna hraðans, hjálma á höfðum og annars staðalútbúnaðar.



Myndin sem birt var í *Visi* er tekin í Hraunbænum.

Á áratugunum um og eftir stríð var notkun reiðhjóla algeng. Með tilkomu betri farartækja dró úr notkun þeirra, og þegar ég hjólaði í vinnuna árið 1976 vakti það nokkra athygli. Það er af og frá að ég telji mig hafa haft í frammi nokkra frumkvöðulstilburði árið 1976, en síðan þá hafa hjólreiðar vaxið gríðarlega í Reykjavík. Í dag er reiðhjólíð notað til að komast ferða sinna, til keppnisíþróttar, ferðalaga og til heilsubóta.

Silfurberg ehf.

Umsókn sendist til silfurberg@simnet.is

Styrkir til náms um hugvíkkandi efni (psychedelics) í meðferðarskyni

Námsstyrkir bjóðast fagfólki í heilbrigðisþjónustu sem lokið hefur námi í sálfræði, hjúkrun, geðhjúkrun, læknisfræði, lyfjafræði eða sambærilegu námi. Styrkurinn er ætlaður til áframhaldandi náms við viðurkenndar stofnanir sem rannsaka og vinna með hugvíkkandi efni í meðferðarskyni.

Áhugasamir sendi inn umsókn með ferilskrá, viðurkenndu prófskírteini og kynningarbréfi þar sem fram koma upplýsingar um það nám sem námsmaður hyggst stunda.

Heildarfjárhæð styrkveitinga verður að hámarki 20 milljónir króna sem leitast er til að veita til nokkurra umsækjanda. Matsnefnd á vegum Silfurbergs ehf. mun velja styrkþega. Sækja má um nú þegar en lokað verður fyrir umsóknir 1. október 2023.